



Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Reykjavík, 18. september 2024

MSS24060121

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins í borgarráði um aðgerðir Reykjavíkurborgar vegna ofbeldis meðal barna

Á fundi borgarráðs, 27. júní 2024, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins:

Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir upplýsingum um hvort fyrirhugaðar eru aðgerðir til að bregðast við auknu ofbeldi meðal barna í Reykjavík með aðgerðum. Nýlega viðurkenndi ríkisstjórnin þennan aukna vanda og hefur ákveðið að bregðast við með ýmsum hætti en hvað ætlar stærsta sveitarfélag landsins að gera í málinu? Sérstaklega er óskað upplýsinga um það hvort aukið verði við þverfaglega nálgun í ofbeldismálum meðal barna, hvort stutt verði við meðferðarúrræði vegna biðlista og hvort ungmennastarf í skólum borgarinnar verði eftt? Einnig er spurt hvort félagsmiðstöðvar borgarinnar verði styrktar og efldar á meðan fræðsla og forvarnir verða aukin í skólum borgarinnar og foreldrastarf virkjað í umhverfi barna.

Greinargerð fylgdi.

Svar:

Svarið er unnið í samráði við velferðarsvið Reykjavíkurborgar.

Ein af lykiláherslum í [Forvarnaráætlun Reykjavíkurborgar í málefnum barna og ungmenna 2024-2026](#) er: Höfnum ofbeldi. Þar er að finna aðgerðir eins og vinnu gegn einelti, aukið samstarf við lögreglu og barnavernd, vinnu gegn kynferðislegu ofbeldi og samfélag gegn stafrænu ofbeldi. Þar að auki eru flestar aðrar aðgerðir í forvarnaráætluninni til þess gerðar að vinna gegn ofbeldi meðal barna í gegnum verndandi þætti. Allar þessar aðgerðir eru komnar í vinnslu.

Aðgerðarhópur um viðtækar aðgerðir vegna ofbeldis á milli barna og gegn börnum á vegum mennta- og barnamálaráðuneytisins hóf störf 4. september sl. Reykjavíkurborg á tvo fulltrúa í hópnum. Markmið hópsins er að fylgja eftir um 20 aðgerðum sem metnar hafa verið í forgangi fyrir málaflökkinn (m.a. þær 14 aðgerðir sem eru tilgreindar hér f. neðan). Hópurinn er skipaður til tveggja ára og fylgir fjármagn úr ríkissjóði fyrir aðgerðum.

Reykjavíkurborg vinnur eftir [Aðgerðaráætlun gegn ofbeldi 2022 – 2024](#) og hafin er vinna við áætlun fyrir 2025-2027.

Reykjavíkurborg setti á fót samráðsvettvang um börn og ungmenni í tengslum við ofbeldi, sem leiddur er af formanni mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs Reykjavíkur. Í því taka þátt Barnaheill, Embætti landlæknis, Bergið headspace, ríkislögreglustjóri, Félag framhaldsskólanema o.fl.



Reykjavík



Þátttaka í viðbrögðum ríkisstjórnarinnar

Reykjavíkurborg tekur virkan þátt í mörgum af þeim [aðgerðum sem mennta- og barnamálaráðherra og dómsmálaráðherra kynntu þann 25. júní 2024](#). Hér undir hverri aðgerð er greint frá helstu aðkomu Reykjavíkurborgar að þessum aðgerðum.

1. Auka þverfaglega nálgun í ofbeldismálum meðal barna

- a) Farsældarlögin og útfærsla Reykjavíkurborgar í formi Betri borg fyrir börn. Betri borg fyrir börn miðar að því að bæta þjónustu við börn, ungmenni og fjölskyldur þeirra í skóla- og frístundastarfi. Lögð er áhersla á að færa þjónustuna í auknum mæli í skólaumhverfi barna og ungmenna, veita viðeigandi stuðning sem fyrst og þetta samstarf skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs í miðstöðvum hverfanna.
- b) Málstjóri í hverri miðstöð borgarinnar og tengiliðir farsældar í hverjum leik- og grunnskóla.
- c) Farteymi á miðstöðvum borgarinnar.
- d) Forvarnarteymi gegn kynferðislegu og kynbundu ofbeldi áreiti í hverjum grunnskóla borgarinnar og miðlægt ráðgjafateymi.
- e) Veruleg breyting á samstarfi skóla- og frístundastarfs með tilkomu lausnateyma í hverjum skóla.

2. Styðja við meðferðarúrræði Barna- og fjölskyldustofu vegna biðlista

- a) Reykjavíkurborg kemur ekki beint að þessu verkefni þó svo að miðstöðvarnar séu í samstarfi við Barna- og fjölskyldustofu um málefni barna sem og heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Bent er á nýútkomna [skýrslu starfshóps heilbrigðisráðherra um mótun framtíðarsýnar í heilbrigðisþjónustu fyrir börn sem þolendur ofbeldis](#). Ein af tillögum hópsins er að komið verði á skimun fyrir ofbeldi í grunnskólum landsins.

3. Koma á verklagi fyrir ósakhæf börn og úrræðum fyrir börn sem beita alvarlegu ofbeldi

- a) Þetta er eitt af því sem á að skoða miðlægt fyrir allt landið. Miðstöðvarnar og barnavernd hafa verið að sinna börnunum en það er ekki til eitt samhæft verklag í dag.

4. Endurskoða meðferð mála og úrræða fyrir sakhæf börn

- a) Sama og í lið 3.

5. Efla samfélagslögreglu

- a) Samstarfsyfirlýsingar um börn í viðkvæmri stöðu í innleiðingu í borginni, fyrst í Breiðholti og nú unnið að innleiðingu í Vesturbæ. Þessi vinna er undir forystu lögreglunnar. Stöðugildum samfélagslögreglu hefur verið fjölgað að undanförunum misserum og eru nú 2,5 stöðugildi ætluð í þessa þjónustu.

6. Innleiða svæðisbundið samráð um allt land

- a) Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar hefur staðið fyrir mánaðarlegum rafrænum fundum forvarnarfulltrúa á höfuðborgarsvæðinu með þátttöku Reykjanesbæjar, Akraness og Árborgar. Á þessa fundi hefur lögregla einnig átt fulltrúa og Hitt húsið, auk þess sem fleiri hafa verið kallaðir til þegar þurfa þykir. Sjá aðgerð D.5. í [Forvarnaráætlun barna og ungmenna 2024-2026](#)



7. Efla Landsteymi Miðstöðvar menntunar og skólajónustu sem styður við börn, foreldra og skóla.

- a) Þar er Reykjavíkurborg að leggja fram starfsfólk Miðstöðvar máls og læsis (MML) sem þegar hefur flutt sig til Miðstöðvar menntunar og skólajónustu. Gefur það vonir um enn öflugra samstarf á landsvísu en verið hefur, sérstaklega vegna barna með annan menningar- og tungumálabakgrunn.

8. Setja á fót úrræði fyrir ungmenni 16-17 ára sem eru hvorki í vinnu né námi (NEET)

- a) Þátttaka í samstarfshópi á vegum SSH um geðrækt ungmenna. M.a. verið að skilgreina tengiliði farsældar á miðstöðvum borgarinnar fyrir þau börn á aldrinum 16-18 ára sem eru ekki skráð í framhaldsskóla. Einnig verið að vinna þar kortlagningu á úrræðum fyrir þennan hóp og finna út úr því hvar þarf að bæta í þjónustu, þvert á sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu.
- b) Virknistefna í vinnslu hjá velferðarsviði Reykjavíkurborgar sem beinir sjónum sínum að 16 ára og eldri.
- c) Hitt Húsið starfrækir margs konar starf fyrir þennan aldurshóp. Hópastarf fyrir fólk með fjölbreyttan menningar og tungumálabakgrunn, atvinnuráðgjöf til ungs fólks, Vítamín - námskeið, Jafningjafræðsla, upplýsingamiðstöð o.fl. Sjá heimasíðu [Hins hússins](#).

9. Efla ungmennastarf í Breiðholti

- a) Frístundamiðstöðin Miðberg og Suðurmiðstöð eru þátttakendur í því starfi ásamt Fjölbrotarskólanum í Breiðholti. Opnanir fyrir 16 ára og eldri tvisvar í viku í félagsmiðstöðinni Hundraðogellefu.
- b) Senter verkefnið og fleiri verkefni í Breiðholti sem verið er að innleiða í fleiri hverfi líka.

10. Efla Flotann – flakkandi félagsmiðstöð

- a) Flotinn er starfsemi sem Reykjavíkurborg leiðir, en hefur fengið styrk frá ríkinu. Þörf er á auknu fjármagni í það verkefni.
- b) Út frá fundum og samstarfi við sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu hefur tekist að efla Flotann með þátttöku félagsmiðstöðvastarfsfólks úr hinum sveitarfélögunum. Flotinn er í miklu samstarfi við vettvangsstarf félagsmiðstöðvanna á stórhöfuðborgarsvæðinu og fer á milli nágrennasveitarfélaganna rétt eins og börnin og ungmennin gera.

11. Auka fræðslu og forvarnir

- a) Er í stöðugri þróun og sókn eins og sjá má á Verkfærakistu menntastefnu Reykjavíkur, þar sem kennarar og annað starfsfólk getur sótt sér efni til að nýta með börnum og ungmenum. Sem dæmi má nefna Vika6, Sjúk ást, Stop ofbeldi fræðslan, fræðsluefni frá 112 o.fl.
- b) Frístundastyrkur hefur verið hækkaður í Reykjavík í 75.000 kr. á ári.
- c) Reykjavíkurborg er aðili að [Forvarnardeginum](#).

12. Virkja foreldrastarf í umhverfi barna – SAMAN hópurnir

- a) Reykjavíkurborg tekur virkan þátt í SAMAN hópnum með þátttöku tveggja fulltrúa sem eru starfsmenn borgarinnar.



- b) Ráðgjafi í foreldrasamstarfi hefur verið ráðinn til starfa á skrifstofu skóla- og frístundasviðs. Viðkomandi hefur m.a. þau verkefni að fylgja eftir aðgerðum í Forvarnaráætlun Reykjavíkur um að virkja foreldra í foreldrasamstarfi og nýsköpun í foreldrasamstarfi.

13. Hefja alþjóðlegt samvinnuverkefni um sjálfbært samfélag

- a) Fyrirhugað er að innleiða hugmyndafræði Nurture í Reykjavík sem hefur það m.a. að markmiði að styðja betur við börn í viðkvæmri stöðu og börn sem þróa snemma með sér hegðunarvanda, en rannsóknir sýna að þau eru í meiri hættu á að fremja afbrot, sýna andfélagslega hegðun og misnota vímuefni á unglings- og fullorðinsárum (Moffitt 2006).

14. Samhæfa aðgerðir og móta stefnu til framtíðar

- a) Sjá aðgerðir borgarinnar hér í inngangi.

Varðandi annað sem óskað var eftir upplýsingum um í fyrirspurninni:

Þverfagleg nálgun í ofbeldismálum meðal barna

Sjá lið 1 í viðbrögðum ríkisstjórnarinnar.

Stuðningur við meðferðarúrræði vegna biðlista

Miðstöðvar borgarinnar og Barnavernd Reykjavíkur sinna börnum þó þau séu á bið eftir greiningum og meðferðarúrræðum. Það er gert á einstaklingsgrunni út frá vanda hvers barns og fjölskyldu þess. Stuðningur er veittur í ýmsu formi s.s. ráðgjafar, námskeiða, ýmissa stuðningsúrræða, t.d. á vegum Keðjunnar og úrræða utan borgarkerfisins. Síðastliðin ár hefur slíkum málum fjölgað sem fara í samþættingu út frá farsældarlögunum.

Á grundvelli verklags um Saman gegn ofbeldi er starfsmaður barnaverndar alltaf kallaður til þegar tilkynning um heimilisofbeldi berst til lögreglu. Í kjölfarið er máli barns/barna á viðkomandi heimili strax úthlutað til sálfræðings sem ræðir við foreldri og býður börnunum eitt til þrjú áfallaviðtöl. Í kjölfarið er þörf fyrir áframhaldandi stuðning metinn.

Innan leik- og grunnskóla, frístundaheimila og félagsmiðstöðva er einnig reynt að koma til móts við börnin út frá þeirra þörfum með ýmsum stuðningi sama hvort þau eru á bið eftir úrræðum eða ekki.

Ungmennastarf í skólum borgarinnar

Allir grunnskólar borgarinnar eru með nemendaráð sem oft starfa náið með viðkomandi félagsmiðstöð. Þá má nefna þátttöku í Skrekk, skólaleikritum og söngleikjum, Skólahreysti, hönnunarkerpinni Stíl, árshátíðum og ferðalögum, svo fátt eitt sé nefnt.

Félagsmiðstöðvar

Skóla- og frístundasvið hefur fengið aukið fjármagn vegna Flotans – flakkandi félagsmiðstöðvar. Félagsmiðstöðvarnar hafa í auknu mæli forgangsraðað sinni vinnu í kortlagningu á unglingshópnum, vettvangsstarf og sértækt hópastarf.

Félagsmiðstöðvastarf er í eðli sínu forvarnarstarf þar sem börn og unglingar geta sótt í uppbyggilegt frístundastarf í öruggu umhverfi og því mikilvægt að halda almennu starfi öflugum, skemmtilegu og spennandi.





Félagsmiðstöðvar geta sótt um fjármagn til að styðja sérstaklega við börn sem þurfa stuðning við að taka þátt í starfinu.

Félagsmiðstöðvar og frístundaheimili eru nú skilgreind sem þjónustuveitendur í Lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna og taka þátt í lausnateymum sem starfa við alla grunnskóla borgarinnar.

Fræðsla og forvarnir í skólum borgarinnar

Starfsfólk Flotans hefur verið áberandi í fjölmiðlum í kjölfar Menningarnætur við að fræða almenning um mikilvægi foreldrasamstarfs og aðra verndandi þætti.

Lýðheilsu- og forvarnarteymi skóla- og frístundasviðs hefur, í samstarfi við Rannsóknir og greiningu, unnið grunn að kynningu fyrir starfsfólk leikskóla, grunnskóla og frístundastarfs til að nýta í fræðslu til foreldra, [sjá hér](#).

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs sendi [bréf](#) á foreldra allra grunnskólabarna og fjölmiðla í kjölfar hins hræðilega atburðar á menningarnótt 2024.

Leik- og grunnskólar eru fyrst og fremst fræðslustofnanir sem nýta vel tækifæri til fræðslu um málefni líðandi stundar hverju sinni og tengja forvarnir í allt sitt skólastarf.

Foreldrasamstarf

Skv. lögum eiga allir grunnskólar að vera með starfandi foreldrafélag. Undanfarin ár, sérstaklega í kjölfar Covid faraldursins, hefur foreldrasamstarf heldur dvínað. Það eru því mikil sóknarfæri falin í því að ráðinn hefur verið ráðgjafi í foreldrasamstarfi á skrifstofu skóla- og frístundasviðs frá hausti 2024 til að fylgja eftir aðgerðum í forvarnaráætlun sem snúa að auknu foreldrasamstarfi. Ráðgjafinn hefur einnig í hyggju að fræða foreldra um hlutverk foreldrafélaga og bekkjarfulltrúa og blása lífi í foreldrasamstarf almennt, þar með talið foreldrarölt.

Hér hefur verið leitast við að svara fyrirspurninni, en ekki er um tæmandi lista að ræða. Þetta er verkefni sem krefst samtakamáttar samfélagsins alls og stofnana þess.

